# Áfangalýsing ML

| | |
|---|---|
| **Titill:** | Vigrar og hornaföll |
| **Námsgrein:** | Stærðfræði |
| **Viðfangsefni:** | Vigrar og hornaföll |
| **Skammstöfun:** | STÆR3HK05 |
| **Þrep:** | 3 |
| **Einingafjöldi:** | 5 |
| **Lýsing:** | Nemendur eru þjálfaðir í þeim vinnubrögðum sem notuð eru í stærðfræði. Nemendur eiga að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð á eigin námsframvindu.<br>Farið verður í hluti eins og vigra og hornaföll. Einnig nýting á viðeigandi forritum t.d. GeoGebra og Desmos. |
| **Forkröfur:** | STÆR2MB05 |
| **Þekkingarviðmið:** | **Nemandi skal kunna skil á:**<br>• samlagningu vigra, blönduðu margfeldi og innfeldi<br>• reglum um tengsl hornafalla, summu-, þáttunar- og liðunarformúlur hornafalla ásamt formúlum um tvöföldun og helmingun horns<br>• sínus- og kósínusreglu fyrir þríhyrninga og flatarmálsreikningar með ákveðum |
| **Leikniviðmið:** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• beita einingarhringnum með ýmsu móti í hornafallafræði<br>• beita umritunarformúlum hornafalla<br>• leysa helstu tegundir einfaldra hornafallajafna<br>• nýta forrit til að teikna og skýra stærðfræðileg fyrirbæri |
| **Hæfniviðmið:** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu<br>• skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt<br>• geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta<br>• takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga<br>• skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau |

**Síðast uppfært:** 5. mars 2025